

**Nd.**

**766. Nefndarálit**

[292. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri viðskiptaráðneysisins, Þórhallur Ásgeirsson, og forstjóri Oliufélagsins hf., Vilhjálmur Jónsson, komu á fund nefndarinnar og gáfu ýmsar upplýsingar.

Nefndarmenn eru sammála um, að málið nái fram að ganga, en tveir nefndarmanna, þeir Matthías Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðsson, telja, að fremur beri að greiða niður olíu til upphitunar íbúðarhúsnaðis miðað við oliuverð í október 1973, og áskilja sér því rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum þar að lútandi.

Nefndarmenn eru einhuga um nauðsyn sérstakra ákvæða um hærri greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar, og mun flytja breytingartillögu um það við 3. umræðu.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form.

Gils Guðmundsson,  
fundaskr.

Karvel Pálmason,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ásberg Sigurðsson.

Þórarinn Þórarinsson.